

Taprekstur árið 2015 – en bjartara framundan hjá MS

Sala á vörum MS var góð á árinu 2015. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi og raunar aðeins betur. Alls voru seld 9.485 tonn af birgðavörum og 49,2 milljón lítrar af ferskvörum. Að auki voru framleidd rúmlega 4.900 tonn af skyrri í Danmörku á vegum MS, sem seld voru í Finnlandi.

Engu að síður varð tap á rekstrinum eftir skatta 330 mkr. að teknu tilliti til um 400 m.kr. hagnaðar af erlendri skyrölu, bæði framleiðsluleyfum og eigin sölu. Hagnaður árið 2014 eftir skatta var 258 m.kr. og neikvæð afkomubreyting milli ára var því 588 m.kr. Er þetta í fyrsta sinn síðan árið 2009 að tap er á rekstrinum.

Helstu skýringar á þessari breytingu eru meiri mjólkurframleiðsla sem fullt verð er greitt fyrir óháð ráðstöfun, Verðfall á mjólkurvörum á heimsmarkaði og miklar launahækkningar. Verðlagsnefnd mjólkurafurða var ekki starfhæf í 22 mánuði frá 1. október 2013 á sama tíma og miklar hækkningar komu fram gagnvart MS. Auk launahækkana má nefna til dæmis að gjaldskrá fyrir rafmagn hækkaði um 50% milli árana 2014 og 2015!

Rekstraráætlun Mjólkursamsölnunnar fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir viðunandi rekstrarhagnaði. Sá viðsnúningur grundvallast bæði af ýmsum þáttum í rekstrinum og sérstökum aðgerðum sem eigendur MS hafa gripið til, til að treysta rekstur fyrirtækisins. Stöðugt þarf að huga að frekari hagræðingu í rekstri þar sem færi gefast.

Til næstu ára litið er mikilvægast að mjólkurframleiðslan verði í samilegu jafnvægi við innlenda eftirspurn og að verð fyrir mjólk



umfram greiðslumark ráðist af því sem fæst fyrir framleiðsluna. Þá á Mjólkursamsalan að geta verið í góðum rekstri.

Það er óhætt að segja að skýrið hafi slegið í gegn erlendis hjá þeim sem kynnst hafa. Sá árangur sem MS hefur náð í viðskiptum þar með þessa vöru á undanföllum árum hefur verið langt umfram væntingar. Stórir erlendir samkeppnisaðilar sækja því inn á þennan markað, oft með ódýrari vöru. Samt sem áður telur MS að þarna séu enn mikil tækifæri til að gera betur. Skyrjala er áfram umfram væntingar á nýjum mörkuðum og nú er að hefjast útflutningur til Finnlands á skyrdrykk sem framleiddur er á Íslandi og er ekki tollaður eins og skyr. MS mun á komandi misserum leggja mjög mikla áherslu á að nýta þessi tækifæri.

Undanfarnar vikur hef ég ferðast talsvert um landið í tengslum við deildarfundi Auðhumlu og átt þess kost að hitta marga bændur. Það hefur verið mjög skemmtilegt og vil ég þakka góðar og málefnalegar umræður um mjólkurframleiðslu, verkefni Mjólkursamsölnunnar og margt fleira. Það er gott veganesti að finna hve bændum er umhugað um Mjólkursamsölnuna og skilja mikilvægi hennar þegar kemur að úrvinnslu, markaðssetningu og skilvísium greiðslum fyrir mjólkina. Töluðu margir um fyrirtækið sem eitt helsta lífakkeri kúabænda. Að því þarf að gæta.

Með góðri kveðju,
Ari Edwald

Nýjar reglur um lágmarksmjólk 1. maí

FRÉTTIR

Stjórn Auðhumlu svf. hefur ákveðið mörk lágmarksmjólkur sem sótt er. Tæknin er stöðugt að breytast og nú eru flestir mjólkursöfnunarbílar búnir nýjum afkastamiklum dælum með sjálfvirkum sýnatökubúnaði. Til þess að þessi búnaður vinni eins og til er ætlast og svo unnt verði að taka hann í notkun, þarf lágmarks innvigtun frá framleiðanda

að vera 200 ltr. Jafnframt eru nú komnir nokkrir mjólkurkælitanakur þar sem ekki verður viðkomandi sýnatöku með eldri aðferðum. Því er nauðsyn á því að hækka lágmarksmörk sem sótt eru. Rétt þykir þó að veita aðlögun að þessari breytingu. Breyting þessi tekur gildi frá og með 1. maí 2016.




Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Framleiðsla mjólkur

Á fyrstu 9 vikum ársins 2016 hefur aukning innvigtunar á vikugrunni verið um 10% milli ára 2015 og 2016. Mjólkurframleiðsla hefur aldrei náð slíkum hæðum, en vikuframleiðsla er rúmlega 3 milljónir lítra. Að að óbreyttu mynstri stefnir í að framleiðsla ársins gæti numið um 155 milljónum lítra.





Mynd 1 Þróun vikulegrar innvigtunar mjólkur á árinu 2016

Á síðustu 12 mánuðum (mars 15 – febrúar 16) var mjólkurframleiðsla 148,6 milljónir lítra en síðustu 12 mánuði þar á undan (mars 2014 – febrúar 2015) var framleiðsla um 10% minni og var 134,9 milljónir lítra. eða um 13,7 milljónum minni.

Sala mjólkur

Endanlegar umreiknaðar sölutölur febrúarmánaðar 2016 hafa ekki verið birtar, en 12 mánaða sala m.v. janúar 2016 (febrúar 2015 – janúar 2016) var 132,8 milljónir lítra á fitugrunni og 122,5 milljónir á próteingrunni. Á því tímabili nam framleiðsla á fitugrunni, umfram sölu

Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	33.982.442	31.507.264	22.414.360	62,76	53,58	54,69
Innvegin mjólk	12.390.104	36.557.328	146.773.066	6,34	10,49	9,29
Seldar afurðir	9.895.903	29.492.178	122.467.145	-1,62	1,91	0,98
Útflutningur	4.724.459	6.640.418	14.019.573	2.767,85	208,52	192,94
Birgðir í lok	31.444.415	31.444.415	31.444.415	40,29	40,29	40,29
Mismunur	307.769	487.580	1.256.293	-386,96	420,90	303,90
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	22.970.399	23.390.530	12.522.712	106,70	70,57	27,45
Innvegin mjólk	12.390.104	36.557.328	146.773.066	6,34	10,49	9,29
Seldar afurðir	9.781.922	33.965.872	132.786.959	-0,47	2,93	2,92
Útflutningur	594.438	624.408	733.801	11.811,15	-11,69	-3,98
Birgðir í lok	24.644.878	24.644.878	24.644.878	96,80	96,80	96,80
Mismunur	339.264	712.700	1.130.141	-17,04	24,91	-37,55



innanlands, því um 13,9 milljónum lítra (146,7 – 132,8). Á próteingrunni er framleiðsla umfram sölu um sem nemur 24 milljónum lítra.

Söluaukning á fitugrunni var um 2,92% á 12 mánaða grunni m.v. janúar 2016 og um 0,98% á próteingrunni.

Birgðir mjólkurvara

Eins og fram kemur í yfirlitum eru birgði smjörts um 470 tonn í lok janúar 2016. Birgðir undanrennudufts eru rúmlega 700 tonn og er þá búið að flytja út um 57 tonn frá upphafi árs 2016.

Staða framleiðslu og birgða

Að teknu tilliti til núverandi stöðu í framleiðslu mjólkur og birgðastöðu, er ljóst að framleiðsla er töluvert umfram þarfir og hagsmunamál allra að það dragi úr framleiðslu hið allra fyrsta.

Pálmi Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs

Innvegin mjólk sl 12 mánuði
mars 2015 - febrúar 2016

Mánuður	litr	Mismunur	litr	litr	%
mars 15	12.438.916	mars 14	11.638.223	800.693	6,9%
apríl 15	12.206.753	apríl 14	11.905.885	300.868	2,5%
maí 15	12.814.294	maí 14	12.493.801	320.493	2,6%
júní 15	13.112.800	júní 14	11.904.704	1.208.096	10,1%
júlí 15	13.001.215	júlí 14	11.387.179	1.614.036	14,2%
ágúst 15	12.249.001	ágúst 14	10.566.298	1.682.703	15,9%
september 15	11.752.852	september 14	10.584.681	1.168.171	11,0%
október 15	11.623.370	október 14	10.346.527	1.276.843	12,3%
nóvember 15	11.553.457	nóvember 14	9.844.728	1.708.729	17,4%
desember 15	12.613.767	desember 14	11.590.202	1.023.565	8,8%
janúar 16	12.391.043	janúar 15	11.651.471	739.572	6,3%
febrúar 16	12.889.730	febrúar 15	11.016.537	1.873.193	17,0%
Samtals	148.647.198		134.930.236	13.716.962	10,2%

Heiðurskjal afhent

Á deildarfundi Auðhumlu sem haldinn var í Búðardal föstudaginn 18. mars voru hjónin Margrét Guðbjartsdóttir og Ásmundur Jóhannesson í Miklagarði í Saurbæ heiðruð fyrir gott samstarf og framleiðslu á úrvalsmjólk.

Á fundinum voru þau að taka á móti verðlaunum fyrir úrvalsmjólk í tuttugasta sinn sem er frábær árangur. Þau hafa nú hætt búskap vegna aldurs. Af þessu tilefni afhentu forsvarsmenn Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar þeim sérstaka viðurkenningu fyrir góðan árangur og góð samskipti um áratugaskeið.



Nýjung í Hleðsluflokknum

Nú um næstu mánaðamót mun nýjung koma inn í Hleðsluflokkinn og nú er það kolvetnaskert og laktósafrí Hleðsla í 330 ml fernu-umbúðum með tappa. Þetta þýðir að nú eru 7 tegundir eða vörunúmer í Hleðsluflokknum.



MARKAÐSMÁL



Hleðsla kom fyrst á markað árið 2010, þegar svörtu dósirnar voru kynntar til sögunnar, með áður ónýtt mysupróteinþykki úr ostagerð sem aðalhræfni. Frá markaðssetningunni 2010 og til ársloka 2015 er söluverðmæti Hleðsluflokksins 1,25 milljarður króna, og fer vaxandi með hverju ári. Í fyrra fór salan yfir 300 milljónir og var það 30% aukning frá árinu á undan. Í samkeppninni á próteindrykkjemarkaðnum, m.a. við Hámark, stendur Hleðsla nú mjög vel að vígi og er með um 60% markaðshlutdeild. Fleiri nýjungar eru væntanlegar í Hleðsluflokkinn á árinu og verður spennandi að fylgjast með framgangi þeirra og Hleðsluflokksins almennt, sem er nú þegar með ráðandi stöðu á þessum ört vaxandi markaði.

Verðlaun fyrir gæðamjólk

FRÉTTIR

Á síðustu vikum voru veittar viðurkenningar til þeirra mjólkurframleiðenda hjá Auðhumlu og Kaupfélagi Skagafirdinga sem voru með gæðamjólk alla mánuði ársins eða mjólk í 1. flokki A. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þúsund, faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þúsund, að engar lyfjaleifar finnast í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 1.1 mmol/l.

Verðlaunahafar 2015

Verðlaunahafar að þessu sinni eru 74 og í verðlaun fyrir góða frammistöðu fá þeir áletrað kristalsglas.

Rögnvaldur Ólafsson og Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, Flugumýrarhvammi, Skagafjörður
 Þórður Hólmsteinnsson og Jónína Lára Stefánsdóttir, Þorleifsstaðir, Skagafjörður
 Trausti Kristjánsson og Ingibjörg Aadnegard, Hofdalabúið, Skagafjörður
 Árni Sverrisson, Efri Ás, Skagafjörður
 Þorvaldur Ingi Guðjónsson, Krossi, Skagafjörður
 Þórunn og Guðmundur, Hjaltastað, Austurlandsdeild
 Steinþór Björnsson, Hvannabrekku, Austurlandsdeild
 Már Ólafsson, Dalbæ, Flóa- og Ölfusdeild
 Kolsholt ehf., Kolsholti, Flóa- og Ölfusdeild
 Hellisbúið ehf., Kolsholtshelli, Flóa- og Ölfusdeild
 Gísli Hauksson, Stóru-Reykjum, Flóa- og Ölfusdeild
 Ragnar F Sig/Hrafnhildur Baldursdóttir, Litla-Ármóti, Flóa- og Ölfusdeild
 Grétar og Anne, Smjörðöllum, Flóa- og Ölfusdeild
 Ólafur Ingi og Anna Gíslad, Eyði-Sandvík, Flóa- og Ölfusdeild
 Samúel og Þórunn, Bryðjuholti, Uppsveitadeild
 Gunnar K. Eiríksson, Túnsbergi I, Uppsveitadeild
 Jóhann og Esther, Sólheimum, Uppsveitadeild
 Grænagerði ehf, Miðfelli V, Uppsveitadeild
 Félagsbúið Jón og Þorgeir, Efri-Brúnavöllum, Uppsveitadeild
 Georg Kjartansson, Ólafsvöllum, Uppsveitadeild
 Ágúst Gunnarsson, Stærri Bæ, Uppsveitadeild
 Páll I Árnason/Kirsten Anita J, Haga, Uppsveitadeild
 Högni Guðnason, Laxárdal, Uppsveitadeild
 Eystra-Geldingaholt ehf, Eystra-Geldingaholti, Uppsveitadeild
 Stúfholt ehf, Stúfholti, Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
 Kristinn Guðnas/Elín Guðjónsdóttir, Þverlæk, Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
 Hlynur Snær og Guðlaug Björk, Voðmúlastaðir, Landeyjajadeild
 Axel og Silja, Hólum, Landeyjajadeild
 Guðlaugur Kristinnsson, Grímsstöðum, Landeyjajadeild
 Sigurður Eyjólfsson, Pétursey, V-Skaftafellsdeild

Gunnar Valgeirsson, Norður-Fossi, V-Skaftafellsdeild
 Sigvaldi Jónsson, Hægindi, Borgarfjarðardeild
 Félagsbúið, Skálpastöðum, Borgarfjarðardeild
 Mófellsstaðabúið ehf., Mófellsstöðum, Borgarfjarðardeild
 Jörfabúið sf, Jörfa, Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
 Laufey og Þröstur, Stakkhamri, Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
 Sigurjón Grétarsson, Furubrekku, Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
 Kjartan Jósepsson, Nýjubúð, Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
 Ásthildur og Birgir, Bakka, Hvalfjarðardeild
 Kristján Högn Jónsson, Ósi, Breiðafjarðardeild
 Margrét Guðbjartsdóttir, Miklagarði, Breiðafjarðardeild
 Félagsbúið Breiðalæk ehf, Breiðalæk, Breiðafjarðardeild
 Brúsi ehf., Brúastöðum, Austur-Húnaþingsdeild
 Jens Jónsson, Brandaskarði, Austur-Húnaþingsdeild
 Ósbúið ehf., Syðsta-Ósi, Vestur-Húnaþingsdeild
 Márek ehf., Tannstaðabakka, Vestur-Húnaþingsdeild
 Ásgeir Sverrisson, Brautarholti, Vestur-Húnaþingsdeild
 Helgi Þórrsson / Beate Stormo, Kristnesi, Norðausturdeild
 Kristín S. Hermannsdóttir, Merkigili, Norðausturdeild
 Þórir Niélsson/Sara María, Torfum, Norðausturdeild
 Baldur Lárus Jónsson, Stóra Hamri 1, Norðausturdeild
 Árni Sigurlaugsson, Villingadal, Norðausturdeild
 Hlynur Þórrsson, Akri, Norðausturdeild
 Rifkelsstaðir 2 ehf, Rifkelsstöðum 2, Norðausturdeild
 Sigurgeir Pálsson, Sigtúnum, Norðausturdeild
 Hermann Ingi Gunnarsson, Klauf, Norðausturdeild
 Benjamín Baldursson, Ytri Tjörnum 2, Norðausturdeild
 Gestur Jónmundur Jensson, Efri-Dálksstöðum, Norðausturdeild
 Jón víðar Þorsteinnsson, Brakanda, Norðausturdeild
 Gunnsteinn Þorgeirsson, Sökku, Norðausturdeild
 Sveinn Kjartan Sverrisson, Melum, Norðausturdeild
 Urðarbúið, Urðum, Norðausturdeild
 Árni Sigurður Þórarinnsson, Hofi, Norðausturdeild
 Karl Björnsson, Veisu, Norðausturdeild
 Glúmur Haraldsson, Hólum, Norðausturdeild
 Sveinbjörn Þór Sigurðsson, Búvöllum, Norðausturdeild
 Arndísarstaðir ehf, Arndísarstöðum, Norðausturdeild
 Ingvar Ketilsson, Halldórsstöðum, Norðausturdeild
 Félagsbúið Ljósavatni, Ljósavatni, Norðausturdeild
 Flosi Gunnarsson, Hrafnstöðum, Norðausturdeild
 Sigurborg Gunnlaugsdóttir, Engihlíð, Norðausturdeild
 Sigtryggur Garðarsson, Reykjavöllum, Norðausturdeild
 Félagsbúið Laxamýri, Laxamýri, Norðausturdeild
 Steinþór Heiðarsson, Ytri-Tungu 1, Norðausturdeild

Samstarf geoSilica og Mjólkursamsölunnar

FRÉTTATILKYNNING

geoSilica og Mjólkursamsalan hafa ákveðið að hefja samstarf um vöruþróun á mjólkurvörum með kísilsteinefni frá geoSilica. Kísilsteinefni gegnir mikilvægu hlutverki í steinefnasöfnun beina og að viðhalda steinefnabéttleika þeirra og mjólkinn, sem inniheldur m.a. kalk og prótein, er mikilvæg fyrir vöxt og viðhald beina. Þess vegna er mjög áhugavert að skoða möguleika á að blanda þessum hráefnum saman í spennandi mjólkurvörum.

geoSilica er sprotafyrirtæki sem hefur það að markmiði að framleiða hágæða kísilríkar heilsuvörur úr jarðhitavatni Hellisheiðvirkjunar. Fyrirtækið var stofnað árið 2012 og kom fyrsta varan á markað árið 2015, hágæða 100% náttúrulegt íslenskt kísilsteinefni í vökvaformi tilbúið til inntöku. Kísilsteinefnið hefur margvíslega heilsusamlega virkni, getur m.a. stuðlað að fyrirbyggingu á beinþynningu, örvun kollagenmyndunar og bættri nýtingu kalks og annarra steinefna.

Mjólkursamsalan er leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk fyrirtækisins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda.

„Við erum mjög spennt fyrir samstarfinu enda er MS leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og við höfum það sameiginlega markmið að bæta heilsu almennings“, segir Fida Abu Libdeh framkvæmdastjóri geoSilica. „Rannsóknir hafa sýnt sterk sambönd á milli kísils og kalks og teljum við því nauðsynlegt að búa til vörur sem innihalda bæði efnin. Ekki skemmir það fyrir að hráefnin eru íslensk. MS er gott dæmi um fyrirtæki sem styður við nýsköpun og vöruþróun á íslenskum markaði. Ég á tengingu við MS síðan ég flutti hingað til Íslands (sjá tengilinn http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/11/27/vildi_geta_lesid_a_mjolkurfurnar/) og er það skemmtileg tilviljun að skrifa undir samstarfsamning við fyrirtækið í dag!“ bætir Fida við.



Fida Abu Libdeh og Jón Axel Pétursson undirrita samninginn.

„Það er áhugavert fyrir okkur sem matvælafyrirtæki að tengjast svona spennandi og kraftmiklu sprotafyrirtæki eins og geoSilica,“ segir Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs MS. „Við trúum því að kísilsteinefnið passi vel saman með ákveðnum mjólkurvörum og gefi þeim mikilvæga heilsuþætandi eiginleika og það verður án efa bæði fróðlegt og gaman að vinna með geoSilica að því að þróa slíkar vörur,“ segir Jón Axel að lokum.

Streptococcus Agalactiae veldur bráðsmitandi júgurbólgu

RÁÐGJÖF

Streptococcus Agalactiae (Str. Ag.) veldur langvarandi júgurbólgu þar sem einkennin eru aðallega þau að kýrin virðist vera heilbrigð, en sýktir júgurhlutar minnka og þurrkast upp. Það er aðallega minnkun mjólkurmagns sem veldur fjárhagslegu tjóni. Frumutalan hefur einnig tilhneigingu til að hækka og þ.a.l. skerðast mjólkurgæðin.

Í fjölda mörg ár hefur verið skylt að rannsaka hjarðir m.t.t. Str. Ag.. Árið 2014 var þessari kröfu aflétt og hefur Matvælastofnun ekki lengur áhuga á að fylgjast með tíðni Str. Ag. í mjólkurframleiðslunni. Tíðnin hefur verið lág á Íslandi, en með tilkomu PCR-tækninnar árið 2013 hækkaði tíðnin í tankmjólkursýnum úr 0,1% í 3,2%. Talið er að PCR-tæknin sé mun næmari en hefðbundin ræktun sem skýrir aukninguna. Tíðni Str. Ag. í tankmjólkursýnum árin 2014 og 2015 var 2,1% og 2,5%. Mjög oft eru það sömu framleiðendur sem eru með Str. Ag. milli ára.

Hvað er hægt að gera til þess að losna við Str. Ag.? Og þarf eitthvað að gera? Nýlega var framkvæmd rannsókn í Danmörku á kúm með 36 kg meðal dagsnyt. Mjólkurnyt mældist 4 lítrum lægri á dag í kúm sem greindust með Str. Ag. en í kúm sem voru lausar við Str. Ag. Í sömu rannsókninni hækkaði frumutalan um helming hjá kúm með Str. Ag. sem gerði það að verkum að mjólkinn féll úr úrvalsflokk í fyrsta flokk. Str. Ag. veldur einnig að kúm er skipt út hraðara en ella úr hjörðinni. Því snýst þetta fyrst og fremst um fjárhag mjólkurframleiðandans því sýkingin veldur litlum sem engum kvölum hjá kúnni sem smitast.

Margir reyna að meðhöndla kýr sem eru með Str. Ag.. Árangurinn er misjafn, oftast virkar meðhöndlun einungis tímabundið. Það virðist vera sem Str. Ag. geti lifað af meðhöndlun, annað hvort í júgrinu eða annars staðar í umhverfinu m.a. í meltingarfærum gripanna. Str. Ag. er nánast alltaf næm fyrir penicillin.

Forvarnir snúast um að koma í veg fyrir að smit dreifist um hjörðina. Lang besta lausnin er að losa sig við Str. Ag. smitaða kú sem fyrst. Annar kostur er að meðhöndla smitaðar kýr og athuga með sýnatökum hvort þær hafa lagast innan ákveðins tíma (t.d. mánuð). Á meðan verið er að bíða eftir slátrun eða meðhöndlun, er eindregið lagt til að mjólka þessar kýr seinastar. Í lausagöngufjösi með mjaltapjóni er ráðlagt að loka á mjaltaheimild og mjólka eingöngu þessar kýr þegar fólk er til staðar og enda mjaltirnar með fullum þvotti á mjaltakerfinu. Helsta smitleið er í gegnum mjaltahylkin sem fara á mismargar kýr. Fullur þvottur á mjaltakerfi er nauðsynlegur til að rjúfa smitleiðir í gegnum mjaltahylkin, ekki dugar að skola með heitu vatni eingöngu.

Ef áhugi er fyrir því að vinna kerfisbundið við að útrýma Str. Ag. úr hjörðinni, er mjólkureftirlitið tilbúið til þess að veita ráðgjöf.

Jarle Reiersen
dýralæknir